

# Lög

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða,  
með síðari breytingum.

---

1. gr.

Í lok 8. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna falla brott orðin „enda verði bátum ekki haldið til veiða á því veiðitímabili sem sóknardagar eru fluttir frá“.

2. gr.

Í stað orðanna „þess veiðitímabils sem sóknardagar eru fluttir frá“ í 11. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna kemur: þriðja veiðitímabils

3. gr.

Í stað orðanna „fiskveiðiársins 1996/1997“ í 12. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna kemur: fiskveiðiársins 1995/1996.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. desember 1995.*